



# **Ársskýrsla Sprotasjóðs úthlutunarárið 2018-2019**



## Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs .....	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2018-2019.....	1
Umsýsluaðili .....	2
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2018-2019 .....	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2018 - 2019 .....	3
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2018-2019. ....	4
Samningar við styrkþega .....	8
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs.....	9
Rekstraryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2018.....	14

## Töfluyfirlit

<b>Tafla 1.</b> Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2018-2019.....	3
<b>Tafla 2.</b> Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2018-2019.....	4
<b>Tafla 3.</b> Yfirlit yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs númer 1-5.....	9
<b>Tafla 4.</b> Yfirlit yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs númer 6-10 ásamt samtölu.....	9
<b>Tafla 5.</b> Rekstraryfirlit Sprotasjóðs í lok árs 2018.....	14

## Myndayfirlit

<b>Mynd 1.</b> Fjöldi umsókna 2009-2010 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	10
<b>Mynd 2.</b> Fjöldi umsókna 2010-2011 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	10
<b>Mynd 3.</b> Fjöldi umsókna 2011-2012 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	11
<b>Mynd 4.</b> Fjöldi umsókna 2012-2013 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	11
<b>Mynd 5.</b> Fjöldi umsókna 2013-2014 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	11
<b>Mynd 6.</b> Fjöldi umsókna 2014-2015 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	11
<b>Mynd 7.</b> Fjöldi umsókna 2015-2016 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	12
<b>Mynd 8.</b> Fjöldi umsókna 2016-2017 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	12
<b>Mynd 9.</b> Fjöldi umsókna 2017-2018 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	12
<b>Mynd 10.</b> Fjöldi umsókna 2018-2019 greint eftir skólastigi og úthlutun .....	12

## Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [nr. 242/2009](#).

## Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2018-2019

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar Sprotasjóði fimm manna ráðgefandi stjórn til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Einn stjórnarmanna skal vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þann 14. febrúar 2018 endurnýjaði ráðherra stjórn sjóðsins til fjögurra ára.

### **Stjórn Sprotasjóðs 2018-2019 var skipuð þannig:**

Björk Óttarsdóttir, formaður, án tilnefningar

Sonja Dögg Pálsdóttir, án tilnefningar

Anna María Gunnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Jón Torfi Jónsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.

## Umsýsluaðili

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sér um umsýslu Sprotasjóðs og hefur gert það frá stofnun sjóðsins. Samningurinn hefur nú verið endurnýjaður í þrígang og er gildistími þess samnings sem nú er í gildi frá 1. júlí 2018 til 31. desember 2021.

Meðal starfa umsýsluaðila er að halda utan um umsóknarferlið, taka á móti umsóknum, sjá til þess að lokaskýrslum og rekstrarreikningum sé skilað á tilskildum tíma og vera styrkþegum innan handar við þau skil. Lokaskýrslur verkefna eru aðgengilegar á vef Sprotasjóðs [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is)

## Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2018-2019

Fyrsti fundur stjórnar vegna úthlutunnar ársins 2018-2019 var haldinn í desember 2017 og voru þá lagaðar línur fyrir vinnu stjórnar á komandi úthlutunarári. Samþykkt var tímalína um vinnu stjórnar og umsóknarferli. Stjórn ræddi tillögur að áherslusviðum sem gæti passað öllum þremur skólastigum. Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra ákvað stjórn Sprotasjóðs að áherslusvið sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2018-2019 yrðu eftirfarandi:

- Menntun fyrir alla
- Verklegt nám
- Vellíðan

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var sett inn á vef ráðuneytisins og Sprotasjóðs. Ásamt því voru sendar út tilkynningar á alla leik-, grunn- og framhaldsskóla og þannig vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Sprotasjóðs, [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is). Umsóknarfrestur var til og með 10. desember 2018.

## Úthlutun Sprotasjóðs 2018 - 2019

Alls bárust 83 umsóknir til sjóðsins sem eru töluvert færri umsóknir en undanfarin ár. Var heildarupphæð umsókna rúmar 190 millj. kr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir og lagði fram tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um styrkveitingu. Eftir að hafa farið yfir tillögur stjórnar ákvað ráðherra að veita styrki til 38 verkefna samtals að upphæð rúmlega 54 millj.kr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkirnir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

Tafla 1. Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2018-2019.

	Austurland	Höfuðborgasv.	Norðurland	Suðurland	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Fjöldi umsókna	Upphæð
Leikskóli		1	1		1	1		4	7.200.000
Grunnskóli	1	8	7	2	2		1	21	34.840.000
Framhaldsskóli		6	3					9	9.913.000
Leik- og grunnskóli	1		1				1	3	1.550.000
Grunn- og framhaldssk.		1						1	500.000
Fjöldi umsókna	2	16	12	2	3	1	2	38	54.003.000

## Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2018-2019.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau 38 verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2018-2019.

**Tafla 2.** Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2018-2019.

Úthlutun 2018-2019			
Leikskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun (kr.)
Leikskólinn Iðavöllur	Það er leikur að læra íslensku - Að tengja tvo heima	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri	2.000.000
Leikskólinn Ugluklettur	Vinátta og vellíðan í skólasamfélagi	Barnaheill á Íslandi	1.200.000
Heilsuleikskólinn Krókur	Komdu út. Samstarf um útivist og vellíðan		2.500.000
Ösp	Leiklistarleikskólinn	Holt, Menntavísindasvið og Þjónustumiðstöð Breiðholts	1.500.000

## Grunnskólastig

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun (kr.)
Hvolskóli	Geoskóli/Jarðvangsskóli	Katla UNESCO Global Geopark	1.850.000
Laugarnesskóli	Að þekkja réttindin sín	UNICEF á Íslandi, Umboðsmaður barna	1.000.000
Pelamerkurskóli	Gerum gott betra	Naustaskóli og Dalvíkurskóli	950.000
Húsaskóli	Jafnfætis í námi. Leiðsagnarnám, upplýsinga- og tæknimennt		2.000.000
Salaskóli	Beint í mark		2.000.000
Oddeyrarskóli	DAM díalektísk atferlismeðferð		2.000.000
Blönduskóli	Heilsuefling í Blönduskóla		1.500.000
Árbæjarskóli	Nemendaráðgjöf - aukin stuðningsþjónusta við nemendur í skólastarfi		2.200.000
Glerárskóli	Lego hönnun og forritun		300.000
Stóru - Vogaskóli	Náttúran á sjó		1.000.000
Síðuskóli	Snjalltækni í Byrjendalæsi - hugtakakort og sögugerð	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri Háskólinn á Akureyri - rannsókn Ritun í Byrjendalæsi	2.000.000
Hörðuvallaskóli	Vellíðan og öryggi í Hörðuvallaskóla		2.800.000
Lækjarskóli	Stöðumat og íhlutun vegna nemenda af erlendum uppruna	Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, Vallaskóli Árborg, Háaleitisskóli Reykjanesbæ, Skólaþjónusta Árborgar, Skólaþjónusta Reykjanesbæjar	2.350.000



Lágafellsskóli	Inleiðing núvitundar á yngsta stigi í Lágafellsskóla		2.800.000
Sunnulækjarskóli	Þekkingarsetur: Verklag sem styður við lærdómsferli nemenda með sérþarfir		1.200.000
Grenivíkurskóli	Verkfæri og viðbætur		940.000
Varmahlíðarskóli	Leiðin að leiðsagnarmati - í stærðfræði 2/3		500.000
Hlíðarskóli	Vellíðan og menntun fyrir alla		1.000.000
Gerðaskóli	Snillitími		2.450.000
Grunnskóli Bolungarvíkur	Allir sem einn		2.000.000
Grunnskóli Borgarfjarðar eystra	Fjölpætt menntun og vellíðan		2.000.000

Framhaldsskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun (kr.)
Framhaldsskólinn á Laugum	Verklegt nám með rannsókn á smádýralífi í Laxá í Þingeyjarsveit	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	600.000
Menntaskólinn á Tröllaskaga	Skapandi íslenska – MTR krakkarásin		1.000.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Hagnýt íslenska fyrir erlenda nemendur		650.000
Kvennaskólinn í Reykjavík	Bætt líðan og samskipti í framhaldsskólum		1.000.000

Menntaskólinn við Sund	Leiðsagnarnám í nýju þriggja anna kerfi		863.000
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Að draga úr brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna		1.700.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Íslenskuhjálp handa erlendum nemendum í verknámi		1.500.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Hugrækt í FB		1.000.000
Flensborgarskóli	Heilabrot		1.600.000

Þvert á skólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun (kr.)
Þelamerkurskóli	Rafrænir kennsluhættir í Hörgársveit	Leikskólinn Álfasteinn í Hörgársveit	400.000
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Vitundavakning um kvíðaröskun nemenda		500.000
Skólaskrifstofa Hornafjarðar	Læsisstefnur skóla og sveitarfélags		500.000
Reykhólaskóli	Útivist, tálgun og vellíðan		650.000
<b>Heildarúthlutun</b>			<b>54.003.000</b>

## Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili sendi öllum umsækjendum Sprotasjóðs svör við umsóknum þeirra og í kjölfarið var unnið að gerð samninga með styrkþegum og náðist að ljúka þeirri vinnu í apríl. Þar sem styrkbeiðnir voru talsvert hærri en þeir fjármunir sem sjóðurinn hafði til úthlutunar þurfti sjóðurinn að úthluta lægri fjárhæðum en sótt var um til margra verkefna. Er það sama fyrirkomulag og hefur verið notað síðustu ár þegar að slík staða kemur upp. Nokkrir styrkþegar urðu í framhaldinu að endurskoða áætlanir sínar og var það gert í samvinnu við umsýsluaðila og stjórn sjóðsins. Til þess að flýta fyrir samningsferlinu og gera ferlið umhverfisvænna voru samningarnir á rafrænu formi, þ.e. styrkþegi undirritar samninginn, skannar hann inn og sendir á umsýsluaðila í tölvupósti. Umsýsluaðili gangur frá samningnum og sendir rafrænt eintak á styrkþega. Rafrænt eintak er einnig sent á bókhaldssvið ráðuneytisins sem sér um að greiða styrkina samkvæmt samningum.

## Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í tíu úthlutunartímabil og í töflu 3 og 4 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkirnir hafa skipst milli skólastiga á þessum tímabilum.

**Tafla 3.** Yfirlit yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs númer 1-5.


	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		2013-2014	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	10	7.450.000	7	9.900.000
<b>Grunnskólar</b>	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	20	17.700.000	16	16.130.000
<b>Framhaldsskólar</b>	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	9	9.550.000	14	15.230.000
<b>Þvert á skólastig</b>	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	7	8.350.000	3	3.900.000
<b>Alls</b>	<b>44</b>	<b>43.430.000</b>	<b>47</b>	<b>44.780.000</b>	<b>44</b>	<b>44.400.000</b>	<b>46</b>	<b>43.050.000</b>	<b>40</b>	<b>45.160.000</b>

**Tafla 4.** Yfirlit yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs númer 6-10 ásamt samtölu.


	2014-2015		2015-2016		2016-2017		2017-2018		2018-2019		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	8	10.300.000	7	10.880.000	6	11.250.000	7	11.450.000	4	7.200.000	68	83.430.000
<b>Grunnskólar</b>	21	25.344.000	25	22.450.000	20	28.150.000	27	36.055.000	21	34.840.000	214	229.179.000
<b>Framhaldsskólar</b>	7	11.930.000	9	12.550.000	4	5.800.000	11	10.150.000	9	9.913.000	90	118.423.000
<b>Þvert á skólastig</b>	1	2.000.000	4	3.400.000	8	14.950.000	3	3.900.000	4	2.050.000	45	64.350.000
<b>Alls</b>	<b>37</b>	<b>49.574.000</b>	<b>45</b>	<b>49.280.000</b>	<b>38</b>	<b>60.150.000</b>	<b>48</b>	<b>61.555.000</b>	<b>38</b>	<b>54.003.000</b>	<b>417</b>	<b>495.382.000</b>

Í töflum 3 og 4 má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað rúmlega 495 millj.kr. til 417 þróunarverkefna á þeim tíu úthlutunartímabilum sem liðin eru frá stofnun sjóðsins.


Ef horft er yfir öll úthlutunartímabil sjóðsins má sjá að grunnskólastigið er að fá flestar úthlutanir en það er í takt við þann fjölda umsókna sem berast til sjóðsins eftir skólastigum en langflestar umsóknir koma frá grunnskólastiginu. Hér fyrir neðan er myndrænt yfirlit yfir öll úthlutunarárin þar sem sjá má hvað margar umsóknir hafa borist ár hvert frá hverju skólastigi og hve margar af þeim umsóknum hlutu styrk.




**Mynd 1.** Fjöldi umsókna 2009-2010 greint eftir skólastigi og úthlutun.




**Mynd 2.** Fjöldi umsókna 2010-2011 greint eftir skólastigi og úthlutun.




**Mynd 3.** Fjöldi umsókna 2011-2012 greint eftir skólastigi og úthlutun.




**Mynd 4.** Fjöldi umsókna 2012-2013 greint eftir skólastigi og úthlutun.




**Mynd 5.** Fjöldi umsókna 2013-2014 greint eftir skólastigum og úthlutun




**Mynd 6.** Fjöldi umsókna 2014-2015 greint eftir skólastigum og úthlutun.




**Mynd 7.** Fjöldi umsókna 2015-2016 greint eftir skólastigi og úthlutun.



**Mynd 8.** Fjöldi umsókna 2016-2017 greint eftir skólastigi og úthlutun.



**Mynd 9.** Fjöldi umsókna 2017-2018 greint eftir skólastigi og úthlutun.



**Mynd 10.** Fjöldi umsókna 2018-2019 greint eftir skólastigi og úthlutun.

Ef skoðaðar eru myndir 1-10, m.t.t. hvaða skólastig fær hlutfallslega flesta styrki miðað við fjölda umsókna, má segja að dreifingin sé svipuð en þær umsóknir sem að flokkast þvert á skólastig eru að fá hlutfallslega flesta styrki. Bendir það til þess að ef skólastigin hjálpast að og útbúa verkefni í sameiningu þá eru töluvert meiri líkur á að verkefnið hljóti styrk.



## Rekstraryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2018

Tafla 5. Rekstraryfirlit Sprotasjóðs í lok árs 2018.

SPROTASJÓÐUR		22-10	2018	
<b>Fjárlagaliður 02-721-110</b>			<b>Fjárveiting</b>	<b>Greitt</b>
<b>Fjárlög</b>			<b>62.300.000</b>	
<b>Frá fyrra ári</b>			<b>-2.103.861</b>	
<b>Greiðslur:</b>				
Umsýslugjald til RHA, 2018	fyrri gr.			2.400.000
Umsýslugjald til RHA, 2018	seinni gr.			3.162.000
<b>Póknun stjórnar</b>	<b>engin</b>			
Veitingar á fundum				19.747
Internet á Íslandi				7.980
Auglýsingar				405.425
<b>Styrkir - úthlutun MMR18050240</b>		<b>54.003.000</b>		
Greiddir styrkir				32.401.800
<b>Bókaðir ógreiddir styrkir 31.12.2018</b>				<b>21.601.200</b>
<b>Samtals greitt og bókað 31. desember 2018</b>			<b>60.196.139</b>	<b>59.998.152</b>
<b>Eftirstöðvar</b>				<b>197.987</b>